

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2014

058-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 19ya (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„19z. **32013 R 0549**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (Stjtið. ESB L 174, 26.6.2013, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ísland og Noregur þurfa ekki að sundurliða gögn eftir svæðum eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.
- b) Ákvæði 19. kafla viðauka A taka ekki til Íslands og Noregs.
- c) Reglugerð þessi tekur ekki til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 549/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 174, 26.6.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.